

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 77/1996.

Örn Johnson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Flugmálastjórn

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Loftför. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1996, þar sem staðfest var sú ákvörðun varnaraðila að svipta sóknaraðila til bráðabirgða rétti til að starfa í loftfari. Sóknaraðili styður kæruheimild við 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að ákvörðun varnaraðila verði felld úr gildi, auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með ákvörðun varnaraðila 7. desember 1995 var sóknaraðili sviptur til bráðabirgða rétti til að starfa í loftfari á grundvelli 5. mgr. 184. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir. Samkvæmt heimild í því ákvæði bar sóknaraðili ákvörðunina undir héraðsdóm, og var hún staðfest með hinum kærða úrskurði. Í lögum nr. 34/1964 er ekki að finna heimild til að kæra til Hæstaréttar slíka úrlausn héraðsdóms. Kæra verður ekki heldur reist á 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991, enda tekur það ákvæði ekki til annarra úrskurða eða ákvarðana en þeirra, er um ræðir í þeim lögum. Skortir því heimild til kæru málsins, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.